

## TIL BAKA AUSTUR YFIR FJALL Í GAULVERJABÆJARHREPP


Bjarni fæddist 12. júlí 1879 á Fljótshólum, Austurbæ, í Gaulverjabæjarhreppi. Þar bjuggu foreldrar hans, þau Bernharður Vigfússon og Róbjörg Oddsdóttir, með sex börn sín. Þar voru einnig móðursystir Bjarna, Ingibjörg, og amma hans, Róbjörg Ólafsdóttir, ekkja. Hún lést 1884, 79 ára.

Árið 1885 voru komnir upp erfiðleikar hjá fjölskyldunni og um vorið var heimilið leyst upp. Bernharður og Róbjörg fóru frá Fljótshólum og réðu sig í vinnumennsku á Ragnheiðarstaði. Þau höfðu yngsta barnið, Margréti, 3ja ára, hjá sér. Bjarni, sem var tæplega 6 ára, varð eftir á Fljótshólum hjá frændfólkinu í Vesturbæ og var þar til fullorðinsára. Hinum börnunum var komið fyrir á næstu bæjum.

Á manntalinu 1901 eru bræðurnir Bjarni, 22 ára, og Oddur, 27 ára, á Fljótshólum meðal annarra hjúa. Oddur fór þaðan árið 1904 og réð sig vinnumann að Bakkárholti í Ölfusi. Seinna sama ár fór systir þeirra, Ólöf, 34 ára, og Jóhann, maður hennar, að Bakkárholti og taka þau þar við annarri hálflemdunni. Með þeim fluttu hjú þeirra, Bernharður, faðir Ólafar, ekkill, 66 ára, og móðursystir, Ingibjörg, 71 árs. Ári seinna, 1905, fór Bjarni frá Fljótshólum yfir í Ölfusið til fjölskyldu sinnar að Bakkárholti. Þau fara svo öll þaðan suður á Álftanes árið 1906. Ólöf og Jóhann tóku þar á leigu jörðina Hlíð sem var í eigu Garðaprestakalls.

Á manntalinu 1909 er Bjarni á Grettisgötu 57 í Reykjavík, var þar til lækninga, en til heimilis í Hlíð í Garðahreppi. Hann kynntist konu sinni, Ragnhildi Höskuldsdóttur, í Reykjavík. Hún var frá Stóra-Klofa í Landsveit.

Fyrsta sambýlisárið leigðu þau forstofuherbergi á Rauðarárstíg 1 og þar fæddist fyrsta barn þeirra, 8. febrúar 1912. Á fardögum sama ár fluttu þau á Álftanesið og tóku þar á leigu jörðina Brekku. Leigan hækkaði fljótlega og 1914 fluttu þau á minni jörð á Álftanesi, Eyvindarstaði. Verð á nauðsynjum fór hækkanði vegna stríðsins í Evrópu og í maí 1916 brugðu þau búi og fluttu til Hafnarfjarðar með börn sín þrjú. Í Hafnarfirði voru líka erfiðleikar. Í október 1917 fæddist fimmta barn þeirra, sonur, skírður Róbert. Hin voru Óskar, elstur, þá Ragnar, Arndís og Bjarni. Þau áttu heima á ýmsum stöðum í Hafnarfirði en síðast á loftinu í Gúttó. Við tók frostaveturinn mikli 1918 og um vorið var Bjarni orðinn atvinnulaus. Eina úrræðið var að senda fjölskylduna á fæðingarhrepp föðursins, Gaulverjabæjarhrepp. Þangað var tveggja daga ferðalag frá Hafnarfirði og farar-tækið var vagn með tveimur hestum fyrir. Þau gistu á Kolviðarhóli og næsta dag var farið austur yfir heiðina, yfir Ölfusárbrúna og að Sléttabóli. Þangað voru drengirnir þeirra sóttir og settir niður hver á sinn bæinn. Ragnhildur og Bjarni réðu sig í kaupavinnu yfir sumarið á bæinn Dalbæ og höfðu Arndísi, 3ja ára, hjá sér. Um haustið fengu þau inni í Zéfír á Eyrarbakka, húsi systur Ragnildar. Þar fæddist sonur þeirra Ólafur árið 1920. Síðan fluttu þau á Stokkseyri þar sem Bjarni starfaði við ýmislegt; var við róður á vetrarvertíðinni og á sumrin vann hann í íshúsinu. Síðast vann hann við hina miklu Flóaáveitu. Þau áttu heima á loftinu í Aðalsteini, svo eitt sumar á Brekku og síðast í Akbraut. Þar fæddist sjöunda barn þeirra, Guðmundur Bjarni, í mars 1923. Bjarni fékk lungnabólgu sem dró hann til dauða 13. júlí 1923, daginn eftir 44. afmælisdag hans.



## UNGAR OG HRAUSTAR VINNUKONUR STUNDUÐU FLUTNINGA YFIR ÁNA

Róbjörg fæddist á Fljótshólum í Gaulverjabæjarhreppi 1. ágúst 1838. Foreldrar hennar voru Oddur Henriks-son og Róbjörg Ólafsdóttir. Fyrst bjó fjölskyldan á Fljótshólum, Austurbæ, en þegar Róbjörg var á sjötta árinu fluttu þau á Baugsstaði í Stokkseyrarhreppi. Oddur var þar bóndi og hafði grasnyt. Á manntalinu 1845 eru Oddur og Róbjörg á Baugsstöðum með börn sín; Ólaf, Guðmund, Ingibjörgu, Odd, Róbjörgu og Margréti. Þau fluttu seinna aftur að Fljótshólum og bjuggu þar frá 1852–1868.

Þegar Róbjörg var á 11. árinu og þau enn á Baugsstöðum, var hún send á bæinn Óseyrarnes og þar var hún vinnukona í 18 ár eða þar til hún giftist.

Óseyrarnes er við ósa Ölfusár þar sem núna er brúin. Þarna hefur verið þjóðbraut síðan landið byggðist og lögferja frá því snemma á miðöldum. Næstum allir austanmenn úr Árnes- og Rangárvallasýslum fóru þarna um er þeir gengu til vers í Þorlákshöfn og Herdísarvík og sumir lengra, til Suðurnesja. Á ferjustaðnum var áin um 500 faðmar beint yfir um á meðalflæði og svo djúp að hestar syntu þar landa á milli.

Alvanalegt var að ungar og hraustar vinnukonur í Óseyrarnesi stunduðu flutninga yfir ána, ýmist einar eða til aðstoðar ferjumönnum.

Róbjörg giftist Bernharði Vigfússyni árið 1867 og byrjuðu þau sinn búskap á Fljótshólum.

Á manntalinu 1870 eru á Fljótshólum: Bernharður Vigfússon, 37 ára, bóndi, Róbjörg Oddsdóttir, 32 ára, bústýra, og börn þeirra: Guðbjörg 2ja ára og Ólöf á fyrsta ári. Aðrir á Fljótshólum voru foreldrar bústýrunnar, Róbjörg Ólafsdóttir, 65 ára og Oddur Hinriksson, 73 ára; móðir bóndans, Margrét Pétursdóttir, 68 ára, og Ingibjörg Oddsdóttir, 38 ára, vinnukona, systir bústýrunnar.

Bernharður og Róbjörg bjuggu á Fljótshólum í 17 ár, frá 1867 til 1884. Þau eignuðust sex börn: Guðbjörgu, Ólöfu, Jónínu, Odd, Bjarna og Margréti.

Í prestþjónustubók 1885 kemur fram að Bernharður og Róbjörg eru bæði komin í vinnumennsku á Ragnheiðarstöðum. Yngsta barn þeirra, Margrét, 3 ára, er þar með þeim. Bjarni, 6 ára, og Jónína, 12 ára, urðu eftir á Fljótshólum. Ólöf, 16 ára, og Oddur, 11 ára, fara á Syðri-Velli og Guðbjörg, 18 ára, ræður sig sem vinnukonu á prestsetrið í Gaulverjabæ.

Róbjörg Oddsdóttir dó á 51. ári, „sviplega“ segir í greftrunarræðu prestsins, 23. mars 1889.

Bernharður var áfram á Ragnheiðarstöðum eftir lát Róbjargar til ársins 1892 en fluttist þá til Ólafar dóttur sinnar sem var byrjuð búskap í Vorsabæ með manni sínum, Jóhanni Magnússyni.



Heimildir: Ættfræðirannsóknir Óskars B. Bjarnasonar (f. 1912, d. 2007), Saga Þorlákshafnar III, Sunnlenskar byggðir II, greftrunarræða Jóns Steingrímssonar 1889, prestþjónustubók 1885, mt. 1845 og 1870. Samantekt og skrásetning: Borghildur Óskarsdóttir, 2009.

## AÐ KOTFERJU, ÞAÐAN SEM GÖNGUNNI VAR HALDIÐ ÁFRAM TIL MÓTS VIÐ NÝTT LÍF

Margrét fæddist á Heiðarbæ í Þingvallasveit 7. okt. 1801. Foreldrar hennar voru Pétur Loftsson, bóndi í Heiðarbæ, og kona hans Vilborg Einarsdóttir. Þau eignuðust aðra dóttur árið 1802 en hún dó tæplega árgömul úr blóðsótt. Hjá þeim Pétri og Vilborgu var til heimilis móðir Péturs, Margrét Hákonardóttir, úr Hjallasókn í Ölfusi. Heiðarbær var tvíbýli og á hinum bænum bjó bróðir Péturs, Þorkell Loftsson, og kona hans, Salvör Ögmundsdóttir. Vilborg, móðir Margrétar, dó árið 1810 úr brjóstveiki og bjúg, 44 ára gömul, og amma hennar, 83 ára, dó aðeins viku seinna. Pétur faðir hennar bregður þá búi og fer sem vinnumaður til Kristjáns Magnússonar, hreppstjóra í Skógarkoti, en Margrét, tæplega 9 ára, var sett niður í Stíflisdal. Þar bjó Einar Jónsson, móðurafi hennar, og seinni kona hans, Birgitta. Þau áttu tólf börn saman. Elstur var Þorsteinn, 24 ára, sem var tekinn við búinu af föður sínum. Á manntalinu 1816 er Margrét skráð niðursetningur í Stíflisdal, 15 ára gömul.

En þegar hún var 19 ára fór hún úr Þingvallasókn suður í Ölfus en þaðan var amma hennar, Margrét Hákonardóttir, og Hákon, faðir hennar, hafði verið bóndi á Kirkjuferju í Ölfusi. Stysta leiðin úr Þingvallasveit í Ölfus var beint suður yfir Mosfellsheiði, vestan Hengils og um Lágaskarð. Þeir sem áður fyrr komu til landsins, sjóleiðina, að Eyrarbakka og þurftu að komast fljótt til Þingvalla, hafa valið þessa leið. Margrét var fátæk vinnukona og hefur farið fótgangandi með viðkomu í sæluhúsinu sunnan undir Húsmúla. Ekki er ólíklegt, þegar í Ölfusið var komið, að hún hafi átt athvarf hjá frændfólki á Kirkjuferjubæjunum og haft þar einhverja dvöl. Síðan hefur hún verið ferjuð yfir fljótið að Kotferju, þaðan sem göngunni var haldið áfram til móts við nýtt líf.

Árið 1832 er Margrét vinnukona í Rútsstaðahjáleigu í Gaulverjabæjarsókn, 31 árs, og 16. ágúst það ár eignast hún son. Faðirinn var bóndinn á bænum, Vigfús Jónsson, 34 ára. Aðrir heimilismenn þar voru Guðlaug Einarsdóttir, kona Vigfúsar, barn þeirra hjóna, Guðríður, 2ja ára og Jón Vigfússon, 13 ára, sonur húsbóndans. Drengurinn hennar Margrétar var skírður Bernharður. Í prestþjónustubók stendur: Foreldrar, Margrét Pétursdóttir og Vigfús Jónsson, hórdómsb. 1ta brot. Guðfeðgin: Margrét Pétursdóttir og Mr. Pétur Jónsson. Margrét var vinnukona víða í Gaulverjabæjarsókn. Á manntalinu 2. nóv. 1840 er hún vinnukona í Meðalholta-hjáleigu, 39 ára. Þar er einnig Bernharður Vigfússon, niðursetningur, 8 ára. Fimm árum síðar er hún vinnukona í Brennu í Rútsstaðahverfi, 44 ára, ásamt syni sínum, Bernharði, 14 ára.

Vorið 1846 er Bernharður fermdur í Gaulverjabæjarkirkju. Í prestþjónustubók stendur: „Bernharður Vigfússon frá Brennu, óegta. Kann vel og les og skilningsgóður, siðgóður. Hefur lært hjá móður sinni Margréti Pétursdóttur vinnukonu.“

Á manntalinu 1870 er Margrét 69 ára, búsett hjá Bernharði syni sínum og Róbjörgu Oddsdóttur tengdadóttur á Fljótshólum. Tveimur árum síðar er hún til heimilis á Óseyrarnesi, Stokkseyrarhreppi. Margrét deyr 8. mars 1883, til heimilis á Tóftum, „ómagi “ segir í prestþjónustubók.



## Á KALLPÚFU MEÐ TILHEYRANDI TILBURÐUM OG HRÓPUM

Ólafur fæddist í Árbæ í Ölfusi árið 1741. Faðir hans var Þorleifur Ásbjörnsson, f. um 1715, bóndi í Árbæ, en móðir Ólafs er óþekkt. Afi hans og amma, Ásbjörn Loftsson og Helga Björnsdóttir, voru einnig ábúendur í Árbæ 1729 og til 1752. Árið 1765 eignaðist Ólafur dótturina Ingibjörgu. Móðir hennar er óþekkt.

Bróðir Ólafs var Sæfinnur Þorleifsson, bóndi á bænum Helli í Ölfusi. Bærinn stóð við stóra hellinn í Hellisskógi. Kona Sæfinns var Oddný Þorleifsdóttir. Á manntalinu 1801 eru þau búandi hjón í Helli með sjö börn sín.

Ólafur átti erindi yfir fljótið og ekki er ólíklegt að hann hafi staðið á Kallpúfu, gert þar vart við sig með tilheyrandi tilburðum og hrópum til að vekja athygli ferjumannsins í Laugardælum.

Ólafur virðist koma að Fljótshólum í Flóa um 1773. Helga Valdadóttir, f. 1740, ekkja, var þar bústýra þegar hann kemur þangað og litlu síðar giftist hún Ólafi. Hann var þar bóndi til dauðadags 1833 og hreppsstjóri Gaulverja-bæjarhrepps. Ólafur og Helga eignuðust dæturnar Friðgerði og Húnbjörgu en Helga dó þegar þær voru 8 og 9 ára. Skömmu seinna giftist Ólafur Þórunni Ólafsdóttur frá Mýrum. Í janúar 1786 deyja báðar dætur Ólafs úr bólusótt sem herjaði á landsmenn í móðuharðindunum sem urðu í kjölfar Skaftárelda.

Árið 1788 eignaðist Ólafur soninn Gísla en móðir hans er óþekkt. Hann ólst upp á Fljótshólum.

Árið 1791 eignast Ingibjörg, dóttir Ólafs, son, Þormóð Bergsson og ólst hann einnig upp á Fljótshólum.

Eftir 13 ára barnlaust hjónaband Þórunnar og Ólafs skrifar hann bréf, 29. maí 1798, stílað á konunginn yfir Íslandi, og biður um leyfi til að skilja við konu sína vegna þess að hún sé „óbyrja“ eins og stendur í bréfinu. „ ... þó svo, að hún áskilur sér, ef yðar kóngleg hátign allra náðuglegast leyfir, að vera á mínu heimili eftir hjónaskilnaðinn, meðan hún lifir ...“ Þórunn skrifar konungi einnig bréf þar sem samþykki hennar er skjalfest, þ.e. að hún veiti manni sínum „ ... frelsi til þess, að svo miklu leyti sem á mínu valdi er, að kvænast þeirri kvenpersónu, Margréti Guðmundsdóttur, er hann nú hefur í huga“. Margrét var þá vinnukona á Fljótshólum og um haustið fæðist barn þeirra Ólafs, stúlka, skírð Þórunn í höfuðið á hinni konunni.

Á manntalinu 1801 eru á Fljótshólum Ólafur Þorleifsson 59 ára, bóndi, Þórunn Ólafsdóttir 56 ára, kona hans, Gísli 13 ára og Þórunn 2ja ára, börn bóndans, Þormóður Bergsson 8 ára fósturbarn, Margrét Guðmundsdóttir vinnukona; annað vinnufólk.

Ólafur giftist Margréti árið 1802, hún þrítug, hann 61 árs. Þau eignuðust 4 börn, Þórunni, Róbjörgu, Margréti og Steindór. Þórunn Ólafsdóttir eldri dó á Fljótshólum 1809, 64 ára, aðskilin.

Á manntalinu 1. des. 1818 eru á Fljótshólum Ólafur Þorleifsson 77 ára, Margrét kona hans 46 ára,

Guðmundur Erlendsson frá Vatnsenda 89 ára, faðir Margrétar. Ólafur deyr árið 1833.


<sup>[1]</sup> Heimildir: Ættfræðirannsóknir Óskars B. Bjarnasonar (f. 1912, d. 2007), Öldin átjándi 1761-1800, Íslendingabók, prestjónustubók 1885, manntöl: 1801 og 1818, Saga Eyrarbakka, uppl. frá Páli Lyðsýni. Samantekt og skrásetning: Þorghildur Óskarsdóttir, 2009.